

1. Lagastoð og gildissvið

- 1.1 Reglur þessar eru settar á grundvelli VIII. kafla laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi.
- 1.2 Reglur þessar kveða á um framkvæmd starfa stjórnar Viðlagatryggingar Íslands.

2. Kjör stjórnar og fyrsti fundur

- 2.1 Stjórn stofnunarinnar skipa fimm menn. Skulu þrír kosnir af Alþingi, einn valinn af þeim váttryggingafélögum sem innheimta iðgjöld, en ráðherra skipar einn og skal hann vera formaður. Varamenn skulu valdir á sama hátt. Stjórnarmenn skulu skipaðir til fjögurra ára í senn.
- 2.2 Eigi síðar en 10 dögum frá skipun stjórnar skal boða til fyrsta fundar.
- 2.3 Formaður stjórnar stýrir fyrsta fundi.
- 2.4 Stjórn kýs sér varaformann.
- 2.5 Stjórnarmenn skulu hafa aðgang að nauðsynlegum upplýsingum um rekstur VTÍ og það lagaumhverfi sem stofnunin starfar í á rafrænu stjórnarfundarkerfi sem nefnist „Finnur“. Þar skulu liggja fyrir allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir nýjan stjórnarmann um starfshætti stjórnar, stefnu og markmið, áhættuviðmið og önnur mikilvæg atriði í rekstri stofnunarinnar.

3. Hlutverk stjórnar

- 3.1 Stjórn fer með þá ábyrgð og skyldur sem kveðið er á um í lögum nr. 55/1992 um Viðlagatryggingu Íslands (VTÍ), lögum nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum sem gilda um starfsemi Viðlagatryggingar Íslands. Í því felst meðal annars að hafa yfirumsjón með starfsemi stofnunarinnar og almennt eftirlit með rekstri hennar. Stjórn tekur ákvarðanir um allar óvenjulegar eða verulegar ráðstafanir í rekstri stofnunarinnar.
- 3.2 Stjórn leitast við að hafa gott samstarf við stjórnvöld og eftirlitsaðila og halda þeim sem best upplýstum um starfsemi stofnunarinnar og stefnu.
- 3.3 Stjórnarmenn skulu kynna sér efni laga nr. 55/1992 um Viðlagatryggingu Íslands, laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi, laga nr. 30/2004 um váttryggingasamninga auk helstu laga, stjórnvaldsfyrirmæla og reglna á starfssviði stofnunarinnar.

4. Stefna stjórnar

- 4.1 Fjárfestingarstefna VTÍ skal ávallt miðast við varfærnar fjárfestingar þar sem öryggi fjárfestinga er ofar ávöxtunarkröfu.
- 4.2 VTÍ stundar ekki lánveitingar eða viðskipti við tengda aðila.¹

¹ Með tengdum aðilum er m.a. átt við móðurfélög, dótturfélög, hlutdeildarfélag og samrekstrarfélag.

- 4.3 VTÍ stundar engin viðskipti önnur en þau sem stofnuninni eru falin samkvæmt lögum.
- 4.4 Stjórn VTÍ miðar að því að greiðslur til verktaka og fyrirtækja byggi á vel ígrunduðum ákvörðum. Samningar skulu gerðir um þjónustuna ef hún er byggð á viðvarandi viðskiptasambandi.
- 4.5 Stjórnarstarf VTÍ fer almennt fram á stjórnarfundum. Komi til samskipta milli stjórnarmanna og/eða milli stjórnarmanna og stjórnenda VTÍ milli stjórnarfunda, skal upplýst um þau við upphaf næsta stjórnarfundar varði þau hagi félagsins. Samskipti stjórnarformanns og stjórnenda VTÍ milli stjórnarfunda, teljast hluti af undirbúningi stjórnarfunda sem ekki er þörf á að upplýsa sérstaklega um.

5. Sérstakt hæfi stjórnarmanna

- 5.1 Stjórnarmenn þurfa að uppfylla kröfur um hæfi og hæfni samkvæmt 41. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi.
- 5.2 Stjórnarmenn skulu ávallt gæta hæfis síns.
- 5.3 Stjórnarmönnum er í tengslum við einstök mál, skylt að upplýsa stjórn um þá aðila sem tengjast þeim hagsmunatengslum. Stjórnarmenn taka ekki þátt í meðferð máls á stjórnarfundum þar sem þeir hafa hagsmuna að gæta s.s. ef mál varðar málefni þeirra sjálfra, fyrirtækja sem þeir eiga hlut í, sitja í stjórn hjá, eru fyrirvarsmenn fyrir, eru venslaðir eða eiga að öðru leyti verulegra hagsmuna að gæta í eða varðar aðila sem þeim eru tengdir persónulega eða fjárhagslega. Stjórnarmaður vikur sæti áður en efni máls er kynnt eða gögn afhent. Bóka skal í fundargerð að stjórnarmaður hafi vikið sæti. Telji framkvæmdastjóri eða stjórnarmaður einhvern stjórnarmann vanhæfan til að taka þátt í meðferð máls geta þeir krafist þess að viðkomandi stjórnarmaður víki sæti áður en efni máls eða gögn eru afhent. Stjórn tekur ákvörðun um hæfi stjórnarmanna.
- 5.4 Stjórnarmaður og/eða framkvæmdastjóri mega ekki taka þátt í samningsgerð eða málshöfðun milli Viðlagatryggingar Íslands og þeirra. Stjórnarmanni og framkvæmdastjóra er skylt að upplýsa án tafar um slík atvik og önnur er gætu valdið vanhæfi hans. Stjórn ákveður hvort stjórnarmenn, einn eða fleiri, teljast vanhæfir til meðferðar máls.
- 5.5 Stjórnarmenn skulu innan fjögurra vikna eftir skipan stjórnar skila undirritaðri yfirlýsingu í tengslum við mat á hæfi stjórnarmanns og svörum við spurningalista vegna mats á hæfi stjórnarmanns til Fjármálaeftirlitsins.

6. Hlutverk stjórnarformanns

- 6.1 Stjórnarformaður sér til þess að nýir stjórnarmenn fái nauðsynlegar upplýsingar og leiðsögn í starfsháttum stjórnar og málefnum félagsins, s.s. stefnu þess, markmið, áhættuviðmið og rekstur.

- 6.2 Stjórnarformaður tryggir að stjórnin uppfæri þekkingu sína á félaginu og rekstri þess, með reglubundnum hætti, ásamt því að tryggja að stjórnin fái almennt nákvæmar og skýrar upplýsingar og gögn til að hún geti sinnt starfi sínu.
- 6.3 Stjórnarformaður skal stuðla að því að stjórnarmenn fái viðeigandi leiðsögn um helstu þætti er varða stjórnun fyrirtækja, t.a.m. um lögbundnar skyldur þeirra og ábyrgð.
- 6.4 Stjórnarformaður ber ábyrgð á samskiptum stjórnar við fagráðuneyti og hvetur til virkra skoðanaskipta innan stjórnar sem og á milli stjórnar og daglegra stjórnenda félagsins.
- 6.5 Stjórnarformaður semur dagskrá stjórnarfunda í samstarfi við framkvæmdastjóra. Stjórnarformaður skal tryggja að á stjórnarfundum sé nægilegur tími gefinn til umræðna og ákvarðanatöku, sérstaklega hvað varðar stærrí og flóknari mál.
- 6.6 Stjórnarformaður hefur frumkvæði að endurskoðun starfsreglna stjórnar og undirnefnda og skal tryggja árlegt mat á störfum stjórnar og undirnefnda.
- 6.7 Formaður stjórnar gerir ráðningarsamning við framkvæmdastjóra sem lagður er fyrir stjórn til samþykktar.
- 6.8 Stjórnarformaður skal ekki taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem teljast eðlilegur hluti starfa hans sem stjórnarformanns.

7. Hlutverk stjórnar

- 7.1 Stjórn ræður framkvæmdastjóra.
- 7.2 Stjórn samþykkir ráðningarsamning við framkvæmdastjóra.
- 7.3 Stjórn staðfestir ráðningu staðgengils framkvæmdastjóra samkvæmt tillögu framkvæmdastjóra.
- 7.4 Stjórnarmenn skulu hafa skilning á hlutverki stjórnar, hlutverki sínu og ábyrgð, ásamt því að hafa þekkingu á þeim lögum og reglum sem gilda um fyrirtækjarekstur og starfsemi félagsins.
- 7.5 Telji stjórnarmenn nauðsyn á sérfræðiráðgjöf til að taka sjálfstæðar og upplýstar ákvarðanir í störfum sínum skulu þeir óska eftir því við stjórnarformann/framkvæmdastjóra.
- 7.6 Stjórnarmenn taka sjálfstæðar ákvarðanir í hverju máli fyrir sig samkvæmt eigin samvisku.
- 7.7 Stjórnarmenn geta óska eftir öllum þau þeim gögnum og upplýsingum sem þeir telja sig þurfa til hafa fullan skilning á rekstri félagsins og til að taka upplýstar ákvarðanir.
- 7.8 Stjórnarmenn skulu hafa yfirsýn yfir að eftirfylgni með ákvörðunum stjórnar ásamt því að tryggja að til staðar sé innra eftirlit.
- 7.9 Stjórnarmenn skulu fullvissa sig um að þess sé jafnan gætt að lögum, reglum og reglugerðum sé fylgt í rekstri stofnunarinnar.
- 7.10 Stjórnarmenn skulu leggja sitt af mörkum til að stuðla að góðum starfsanda innan stjórnarinnar.
- 7.11 Stjórnarmenn skulu tryggja að skoðanir þeirra sem tengjast einstökum málum séu skráðar í fundargerð séu þeir ósáttir við ákvarðanatöku meirihluta stjórnar.

8. Hlutverk framkvæmdastjóra

- 8.1 Framkvæmdastjóri skal uppfylla hæfisskilyrði 41. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi.
- 8.2 Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri stofnunarinnar og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum hennar sem ekki eru öðrum falin með lögum, samþykktum stofnunarinnar eða ákvörðunum stjórnar.
- 8.3 Framkvæmdastjóri skal bera ráðstafanir sem teljast almennt vera óvenjulegar og/eða mikils háttar undir stjórn til samþykktar. Slíkar ráðstafanir eru t.d. ákvörðun um árlega endurtryggingarvernd VTÍ og fjölgun fastráðinna starfsmanna. Ef óvenjulegar og mikilsháttar ráðstafanir eru óhjákvæmilegar og ekki næst að boða til stjórnarfundar skal stjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfun og skal framkvæmdastjóri færa fyrir henni fullgild rök. Slíkar ákvarðanir skulu skráðar í fundargerð næsta fundar þar á eftir.
- 8.4 Framkvæmdastjóra ber að sjá um að reksturinn sé í öllum þáttum starfseminnar samkvæmt lögum, reglugerðum eða samþykktum og ákvörðunum stjórnar.
- 8.5 Framkvæmdastjóri skal sjá um að reksturinn sé í samræmi við leiðbeinandi tilmæli FME sem um starfsemina gilda.
- 8.6 Framkvæmdastjóri er ábyrgur gagnvart stjórn VTÍ, hefur almenna prókúru fyrir félagið og annast fjármál þess í samráði við stjórn stofnunarinnar.
- 8.7 Framkvæmdastjóri situr fundi stjórnar og ritar fundargerðir. Framkvæmdastjóri getur falið öðrum ritun fundargerða með samþykki stjórnar.
- 8.8 Framkvæmdastjóri sér um að bókhald sé fært lögum samkvæmt og að meðferð eigna sé með tryggum hætti. Framkvæmdastjóri skal fyrir lok hvers reikningsárs leggja fyrir stjórnina rekstraráætlun fyrir komandi reikningsár. Framkvæmdastjóri ræður aðra starfsmenn.
- 8.9 Framkvæmdastjóri skal ekki eiga sæti í stjórnnum annarra fyrirtækja nema með samþykki stjórnar. Við þá ákvörðun skal fjalla áhrif stjórnarsetunnar á stofnunina.
- 8.10 Framkvæmdastjóri er bundinn þagnarskyldu varðandi trúnaðarupplýsingar skv. almennum reglum. Þagnarskylda helst eftir að framkvæmdastjóri lætur af störfum.

9. Stjórnarfundir

- 9.1 Fundir eru haldnir að jafnaði einu sinni í mánuði í 10 mánuði á ári. Í júlí og ágúst eru fundir haldnir ef nauðsyn krefur, en að öllu jöfnu er miðað við að sumarfrí stjórnar sé á þeim tíma.
- 9.2 Fyrir utan reglulega fundi stjórnar skulu fundir boðaðir þegar framkvæmdastjóri eða stjórnarformaður telur það nauðsynlegt eða ef tveir eða fleiri stjórnarmenn óska þess.
- 9.3 Stjórn fundar á skrifstofu Viðlagatryggingar Íslands í Hlíðasmára 14, 201 Kópavogi að jafnaði. Ef fundur er haldinn annars staðar skal það boðað sérstaklega og í samráði við stjórnarmenn.
- 9.4 Framkvæmdastjóri boðar stjórnarfundir í umboði stjórnarformanns í samræmi við fundaráætlun stjórnar sem samþykkt er tvisvar á ári. Fundir eru boðaðir með

- minnst sjö daga fyrirvara. Ef aðalmaður getur ekki mætt til fundar er varamaður boðaður til fundarins.
- 9.5 Fundur telst lögmætur ef meirihluti stjórnarmanna er mættur eða varamenn þeirra.
 - 9.6 Formaður stjórnar/framkvæmdastjóri getur boðað til fundar þá aðila sem tengjast efni fundarins. Viðkomandi er þá boðaður undir þeim lið sem honum við kemur, og yfirgefur fund að því loknu. Skrá skal í fundargerð þá gesti sem mæta til fundarins.
 - 9.7 Fundargögn eru aðgengileg á tölvutæku formi til stjórnarmanna a.m.k. tveimur dögum fyrir fund á „Finni“, fundarkerfi Viðlagatryggingar Íslands.
 - 9.8 Ef stjórnarmaður prentar út gögn af „Finni“ ber hann ábyrgð á eyðingu þeirra að lestri loknum.
 - 9.9 Stjórnarmenn hafa aðgang að eldri fundargögnum með lykilorði á „Finni“. Þegar stjórnarmaður lætur af störfum er aðgangi hans að fundargögnum lokað.
 - 9.10 Gögn sem lögð eru fram á hverjum fundi skulu ávallt vera aðgengileg í skjalasafni VTÍ í útprentuðu og tölvutæku formi. Gögnin skulu vistuð á PDF formi til að tryggja að ekki sé hægt að gera breytingar á þeim eftir að fundi er lokið.
 - 9.11 Ef varamaður er boðaður til fundar sér framkvæmdastjóri um að koma til hans upplýsingum um aðgengi að fundargögnum.

10. Reglur um ferðakostnað

- 10.1 Um kostnað vegna ferðalaga á vegum Viðlagatryggingar Íslands gilda „reglur um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins“ sem gefnar eru út af fjármála- og efnahagsráðuneyti.²

11. Fundargerðir stjórnar

- 11.1 Formaður stjórnar ber ábyrgð á að fundargerðir séu rétt færðar.
- 11.2 Stjórnarmenn geta krafist þess að bókaðar séu athugasemdir þeirra og sérálit.
- 11.3 Fundargerð skal ávallt rituð svo fljótt sem kostur er eftir að fundi lýkur og send stjórnarmönnum til samþykktar. Stjórnarmenn heimila með staðfestingu í tölvupósti að rafræn undirritun þeirra sé sett undir fundargerð þegar hún telst vera samþykkt af stjórnarmönnum.
- 11.4 Þegar fundargerð hefur verið samþykkt skal hún send aðal- og varamönnum auk endurskoðunarnefndar í tölvupósti til upplýsinga.

12. Skipting starfa innan stjórnar

- 12.1 Formaður stjórnar, undirbýr og stýrir fundum í samstarfi við framkvæmdastjóra. Verkefni/hlutverk annarra stjórnarmanna eru sérstaklega skráð í fundargerðir eftir því sem við á.
- 12.2 Varaformaður stjórnar stýrir fundi í fjarveru stjórnarformanns.

² Núverandi reglur eru nr. 1/2009 og gilda frá 6. mars 2009

- 12.3 Formaður stjórnar kemur fram opinberlega fyrir hönd stjórnar Viðlagatryggingar Íslands. Formaður stjórnar getur falið framkvæmdastjóra það að einhverju eða öllu leyti. Almennt annast framkvæmdastjóri upplýsingagjöf sem varðar daglega starfsemi stofnunarinnar til fjölmiðla. Ef formaður forfallast tekur varaformaður við störfum hans. Aðrir stjórnarmenn skulu ekki tjá sig opinberlega um málefni Viðlagatryggingar Íslands.

13. Ársreikningur

- 13.1 Frumdrög ársreiknings eru lögð fyrir ráðna endurskoðendur sem starfa í umboði Ríkisendurskoðunar. Þeir skulu setja athugasemdir sínar fram skriflega á skilmerkilegan hátt. Stjórn fær athugasemdir endurskoðenda ásamt drögum að ársreikningi til samþykktar. Stjórn skal hafa tækifæri til að fara yfir niðurstöður ársreiknings og endurskoðunarbréfs að viðstöddum ytri endurskoðanda.
- 13.2 Þegar stjórn hefur farið yfir þau gögn sem lögð eru fyrir og metið þau svo að þau gefi rétta mynd af starfsemi stofnunarinnar og eignastöðu, undirritar stjórn ársreikninginn ásamt fylgiskjölum. Framkvæmdastjóri undirritar sömu gögn. Telji stjórn eða framkvæmdastjóri eitthvað á vanta skal nauðsynlegra upplýsinga og/eða gagna aflað áður en undirritun fer fram.
- 13.3 Þess skal ávallt gætt að nægur tími sé til umfjöllunar um ársreikninginn.
- 13.4 Framkvæmdastjóri sendir ársskýrslu og ársreikning til Fjármálaeftirlitsins eftir afgreiðslu ársreiknings.

14. Ársfundur

- 14.1 Ársfundur skal haldinn að vori ár hvert. Fundurinn skal auglýstur á heimasíðu VTÍ með a.m.k. 14 daga fyrirvara.
- 14.2 Á ársfundi skal leggja fram ársreikning og ársskýrslu stofnunarinnar.

15. Ákvörðunarvald og atkvæðagreiðslur

- 15.1 Stjórn er ákvörðunarbær þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund enda hafi fundurinn verið boðaður í samræmi við starfsreglur þessar.
- 15.2 Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum í öllum málum. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum.
- 15.3 Stjórnarmenn eru einungis bundnir af sannfæringu sinni, en ekki fyrirmælum þeirra sem hafa kosið/skipað þá.
- 15.4 Mál skulu almennt ekki borin upp til ákvörðunar á stjórnarfundum nema því aðeins að stjórnarmenn hafi fengið gögn málsins eða fullnægjandi upplýsingar um það fyrir fundinn og haft tíma til að kynna sér efni þess.
- 15.5 Mál til ákvörðunar skulu almennt lögð fyrir stjórn skriflega, studd gögnum og talnaefni. Séu mál lögð fram á stjórnarfundum til kynningar getur slík kynning verið munnleg.

16. Undirnefndir stjórnar, skyldur þeirra og ákvarðanavald

- 16.1 Endurskoðunarnefnd er skipuð af stjórn í samræmi við ákvæði í gr. 108a í lögum nr. 3/2006 um ársreikninga. Hún skal skipuð þremur mönnum hið minnsta eigi síðar en mánuði eftir skipun stjórnar og hefur sama skipunartíma og stjórn, nema stjórn ákveði annað. Nefndarmenn skulu vera óháðir endurskoðanda eða endurskoðendum VTÍ og meiri hluti nefndarmanna skal jafnframt vera óháður VTÍ. Framkvæmdastjóri skal ekki eiga sæti í nefndinni. Nefndarmenn skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar og skal að minnsta kosti einn þeirra hafa staðgóða þekkingu og reynslu á sviði reikningsskila eða endurskoðunar.
- 16.2 Formaður endurskoðunarnefndar eða fulltrúi hans skal gera stjórn grein fyrir niðurstöðu innri endurskoðanda á næsta fundi eftir að skýrsla innri endurskoðanda liggur fyrir.
- 16.3 Framkvæmdastjóri situr að jafnaði fundi endurskoðunarnefndar og ritar fundargerð.
- 16.4 Framkvæmdastjóri skal víkja af fundi þegar störf framkvæmdastjóra eru til umfjöllunar hjá endurskoðunarnefnd.
- 16.5 Stjórn Viðlagatryggingar Íslands hefur ekki aðrar fastar undirnefndir.
- 16.6 Undirnefndir eru skipaðar eftir því sem þörf er á, og skal ákvörðun um það tekin á stjórnarfundi. Skrá skal skyldur nefnda og ákvarðanavald í erindisbréf sem staðfest er í fundargerð stjórnar.

17. Árlegt árangursmat

- 17.1 Stjórn skal meta með reglubundnum hætti störf sín, verklag og starfshætti, framgang stofnunarinnar, frammistöðu framkvæmdastjóra svo og skilvirkni undirnefnda, með aðstoð utanaðkomandi aðila eftir því sem við á. Slíkt árangursmat felur m.a. í sér að stjórnin leggi mat á styrkleika og veikleika í störfum sínum og verklagi og hugi að þeim hlutum sem hún telur að betur megi fara með hliðsjón af fylgni við starfsreglur stjórnar. Miða skal við að árangursmat fari fram að hausti, ár hvert. Æskilegt er að stjórnarmenn hittist a.m.k. árlega án framkvæmdastjóra til að meta störf hans.

18. Upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar

- 18.1 Á hverjum stjórnarfundi skal framkvæmdastjóri gera grein fyrir helstu atriðum í starfsemi stofnunarinnar frá síðasta fundi. Stjórn getur kallað eftir sérstökum skýrslum um reksturinn telji hún ástæðu til.
- 18.2 Framkvæmdastjóri skal upplýsa stjórn um öll samskipti sem fram fara á milli VTÍ og Fjármálaeftirlitsins undir liðnum „Önnur mál“ á stjórnarfundum.

- 18.3 Ef mikilvæg málefni sem varða hagsmuni Viðlagatryggingar Íslands koma til ákvarðana eða umfjöllunar hjá framkvæmdastjóra, skal hann upplýsa stjórnarmenn um þau eftir því sem þau koma upp.

19. Endurskoðendur

- 19.1 Ábendingar og athugasemdir sem endurskoðandi kemur á framfæri við stjórn eða framkvæmdastjóra skal fjalla um með formlegum hætti á fyrsta fundi stjórnar eftir að þær berast.
- 19.2 Endurskoðendur skulu boðaðir á fundi stjórnar þegar ársreikningur er á dagskrá. Skulu þeir þá gefa álit sitt á ársreikningi og fylgiskjölum hans.
- 19.3 Formaður stjórnar getur einnig boðað endurskoðendur á aðra fundi stjórnar.

20. Þagnar- og trúnaðarskylda

- 20.1 Stjórnarmenn skulu gæta fyllstu þagnarskyldu varðandi upplýsingar um einstaka viðskiptamenn Viðlagatryggingar Íslands.
- 20.2 Stjórnarmaður skal varðveita öll gögn með tryggum hætti sem hann fær afhent til að gegna starfa sínum sem stjórnarmaður og tryggja eyðingu þeirra eða öryggi að loknum stjórnarstörfum.
- 20.3 Stjórnarmenn eru bundnir þagnarskyldu um trúnaðarmálefni stofnunarinnar samkvæmt almennum reglum. Þagnarskylda helst eftir að stjórnarmenn láta af störfum.

21. Breytingar á starfsreglum þessum

- 21.1 Til breytinga á starfsreglum þessum þarf samþykki meirihluta stjórnar.

Starfsreglur stjórnar skulu birtar á vef Viðlagatryggingar Íslands.

Starfsreglur þessar voru samþykktar í stjórn Viðlagatryggingar Íslands þann 14.3.2017 og tóku gildi sama dag.

Viðauki I - Áætlun fyrir stjórnarfundi

Mánuður	Til umfjöllunar á fundi
Janúar	
Febrúar	Yfirlit yfir 3. ársþriðjung í fjárvörslu
Febrúar/mars	Ársreikningur afgreiddur
Apríl/maí	Ársfundur/aðalfundur
Apríl	Ársreikningur sendur FME
Maí	Ákvörðun um fulltrúa í Endurskoðunarnefnd
Júní	
Júní	Yfirlit yfir 1. ársþriðjung í fjárvörslu
Júlí	Sumarfrí
Ágúst	Sumarfrí
September	Árangursmat stjórnar
Október	Yfirlit yfir 2. ársþriðjung í fjárvörslu
Nóvember	Fjárfestingastefna til kynningar
Desember	Samþykkt fjárfestingastefnu